

# ÍSLAND

BLAÐ FRJÁLSLYNDRA MANNA

3. árg.

Mánudaginn 9. september 1929.

31. tbl.

## Sighvatur Bjarnason

bankastjóri

andaðist aðfaranótt 30. ágúst síðastl. Hafði hann verið heilsuveill hin síðari ár og hvað eftir annað legið stórar legur.

Sighvatur var fæddur í Rvík 25. jan. 1859. — 29. okt. 1880 kvæntist hann Ágústu Sigfúsdóttur frá Undirfelli. Þar eignuðust 9 börn, en mistu 2 ung. Tvær dætur er upp komust eru dánar, Þorbjörg, fyrri kona Magnúsar Péturssonar bæjarlæknis og Jakobína kona Georgs Gíslasonar kaupm. í Vestmannaeyjum. Á lífi eru Emma, kona Jóns Kristjánssonar læknis, Bjarni kaupmaður hér, Sigríður Tryborn, gift sænskum manni, Ágústa kenslukona á Blönduósi og Sigfús, sem tekur við váttryggingarumboði því, er faðir hans hefir haft.

Sighvatur var bankastjóri í Íslandsbanka í 16 ár. Gegndi hann ýmsum öðrum þýðingar-

miklum störfum. Hann var mikill starfs og iðjumaður. Vini átti hann afar marga.

Jarðarförin fór fram á föstudaginn var, að viðstöddu afar miklu fjölmenni.

Talaði sira Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur á heimili hins látna, en sira Friðrik Hallgrímsson í kirkjunni. Söngfélag K. F. U. M. söng í kirkjunni. Einsöng söng Simon Þórðarson frá Hól. Fór jarðarförin fram með hinni mestu viðhöfn. — Gengu Oddfellowar á undan kistunni og Verslunarmannafélag Reykjavíkur fylgdi undir fána sínum.

Bönkum var lokað um daginn og sömuleiðis öllum búðum. Á öllu mátti sjá hinar miklu vinsældir og álit, sem Sighvatur Bjarnason hafði notið í bæjarfélaginu.

reyndi aftur og aftur að falska yfirlýsingu forsætisráðherra. — Hann reyndi og að gera gys að sjálfstæðismálinu og draga athygli manna frá því.

Og þegar til Danmerkur kom, vildu foringjarnir gjarna éta yfirlýsingarnar ofan í sig. — Til þess að þóknast dönsku mómmu. Og dómsmálaráðherra lýsti yfir því á fundi ráðgjafarnefndar, að sjálfstæðismálið væri ekki ofarlega á dagskrá.

En til þess að brjóta ekki af sér hylli kjósendanna, fullyrtu þeir á stundum, að sjálfstæðismálið gæti ekki verið flokksmál, af því að allir flokkar og allir einstaklingar voru sammála um lausn þess.

En þegar svo sjálfstæðisflokkurinn setti sjálfstæðismálið efst á stefnuskrá sína, átu stjórnarsinnar þetta ofan í sig. Dómsmálaráðherra réðist fram á ritvöllinn og skammaði gamla heimastjórnarmenn. Og hann fullyrti, að þeim væri ekki treystandi í sjálfstæðismálum. Vitanlega var þessi grein dómsmálaráðherra skrifuð í því skyni, að veikja trú Sjálfstæðismanna á þeim mönnum, sem einhverntíma höfðu verið heimastjórnarmenn. En hann gætti þess ekki, að með þessari fullyrðingu gerði hann tvent: át það ofan í sig, að allir væri sammála um lausn sjálfstæðismálsins og réðist á alla þá menn, sem fremst hafa staðið í hans eigin flokki, Framsóknarflokkinum.

Og ritstjóri „Tímans“ gerðist klökkur, þegar hann talaði um hina gömlu sjálfstæðismenn. — Stofnun Sjálfstæðisflokksins átti að vera móðgun við minningu þeirra. Hann hefir líklega verið búinn að gleyma því, að þegar hann ritaði „Dag“ á Akureyri, kallaði hann þá stigamenn í íslenskum stjórn-málum.

— Slikt er samræmið! Þessi er sannleiksástin!

Og það er síst að undra, þó að fát kæmi á stjórnarsinna, þegar Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður.

— Þeir höfðu reynt að fela sjálfstæðismálið fyrir þjóðinni. Og vitanlega hafa þeir séð, að stofnun flokksins mundi gera þeim ómögulegt að fela það lengur.

Og þeir hefðu aldrei komist til valda við síðustu kosningar, ef Frjálslyndi flokkurinn og Íhaldsflokkurinn hefðu staðið saman.

Og það er skiljanlegt, að þeir óskapist, þegar valda-draumar þeirra eru á enda.

Sjálfstæðismálið á að vera mál mállanna. Og það verður

ekki leyst á heppilegan hátt nema allir flokkar verði sammála um lausn þess. Yfirlýsingar þingflokka á Alþingi 1928 gáfu góðar vonir um, að allir flokkar mundu standa einhuga um lausn þess. En vonirnar hafa að miklu leyti brugðist. —

Eins og kunnugt er, þarf mjög mikinn meirihluta greiddra atkvæða til þess að sambandslögin gangi úr gildi. Og sá meiri hluti fæst aldrei nema allir góðir Íslendingar vinni að því, að brýna fyrir kjósendum nauðsyn uppsagnarinnar. Og fyrir kosningarnar 1939 þurfa kjósendur að vera undir alt búinir.

Þögn í þessu máli er því hættuleg. Hún getur orðið þess valdandi, að Íslendingar fái ekki slitið af sér sambandslagafjöturinn árið 1944.

Frjálslyndi flokkurinn tók þetta mál á stefnuskrá sína jafnskjótt og hann var stofnaður.

Fyrir tilstilli hans voru yfirlýsingarnar gefnar á Alþingi 1928. En þögn flokksforingjanna, um mál þetta á stjórn-málafundunum, flótti Timans frá yfirlýsingu forsætisráðherra og gyltu flugurnar, sem Danir hafa beitt fyrir forkólfa íslenskra jafnaðarmanna bentu áþreifanlega til þess, að sjálfstæðismálið væri ekki komið í örugga höfn, þrátt fyrir yfirlýsingarnar á Alþingi 1928.

Og af þessum ástæðum, fyrst og fremst, unnu frjálslyndir menn að stofnun Sjálfstæðisflokksins.

Það hlýtur að verða málinu stuðningur; að flokkur, sem styðst við meiri hluta íslenskra kjósenda, setur mál þetta efst á stefnuskrá sína. — Kjósendur fá vitneskju um málið. Og vitneskjan hlýtur að verða til þess að vekja þá til umhugsunar um nauðsyn þess, að sambandinu við Danmörk verði slitið fyrir fult og alt.

Í öðru lagi væntu frjálslyndir menn þess, að stjórnarflokkarnir mundu ekki vilja verða eftirbátar Sjálfstæðisflokksins í þessum málum. Yfirlýsing forsætisráðherra á Alþingi 1928 gaf vonir um, að stjórnarliðið mundi taka sömu afstöðu til þessa máls og sjálfstæðismenn höfðu gert. Ennþá hafa þeir ekki gert það, hver sem ástæðan er.

Og því er ekki nema eitt fyrir hendi.

Ef mikill meiri hluti kjósenda snýst til fylgis við þetta mál, — og enginn vafi er á því, að hann gerir það, — þá snúast stjórnarflokkarnir einnig til fylgis við það. — Þó að þeir

láti ekki skipast við skynsamlegar fortölur eða ihuganir, þá láta þeir undan þegar þeir sjá, hver vilji kjósendanna er. — Kjósendurnir hafa völdin, þegar Alþingiskosningar fara fram. Og það er heimskulegt fyrir þá, sem elska völdin og metorðin, að setja sig á móti vilja þeirra.

## Efst á dagskrá.

Vér fréttum viðsvegar af landinu að mönnum sé að verða ljóst, að höfuðmálið á dagskrá þjóðarinnar sje uppsögn sambandslaganna.

Íslendingum væri og illa í ætt skotið ef þeir vildu ekki eignast sitt eigið land kvaðalaust.

Íslendingum væri og illa í ætt skotið ef þeir létu smápólitiska brellukarla þyrta upp svo miklu ryki um ýms háðungarmál, að þeir mistu sýnir af því, sem alt riður á.

Sambandslögin voru tekin til þess að ná í höfuðlykilinn að frelsi þjóðarinnar: uppsögnina. Því verðum vér á þeim tíma sem eftir er til 1943 að vaka og starfa. Smá mistök á atkvæðagreiðslunni geta orðið örlagaþrungin.

Þeir, sem vilja þegja og ekkert minnst á málið við þjóðina, eru hættulegir frelsi landsins.

Því minnst Timinn, sjálf höfuðblað stjórnarinnar, aldrei á þetta mál, nema með skætingi til þeirra manna, sem forustuna hafa í því?

Því hvetur Timinn aldrei þjóðina til að standa á verði?

Dómsmálaráðherranna segir að þetta mál sje ekki ofarlega á dagskrá þjóðarinnar.

Dómsmálaráðh. er „Timinn“. Ekki ofarlega á dagskrá er hersöngur „Tímans“.

Hvilik hvatning — í höfuðmáli þjóðarinnar!

„Ekki ofarlega á dagskrá“ er höfuðhættan í þessu máli.

Gegn þeirri hættu verðum vér að berjast.

¼ þjóðarinnar verða að greiða atkvæði um uppsögn sambandslaganna.

¼ þeirra atkvæða, sem greidd verða, þurfa að vera með sambandsslitum.

Ekki ofarlega á dagskrá!

Hvilik heróp úr herbúðum hinna leiðandi stjórn-málmanna.

Hvað segir æska þjóðarinnar við því herópi?

Bergmálar það í hjörtum æskunnar?

Hvað mundi Jón Sigurðsson hafa sagt við því herópi?

## Nokkur orð um stofnun Sjálfstæðisflokksins.

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður, heyrðust óp og gnístran tanna úr herbúðum stjórnarliðsins. Stjórnarblöðin fóru á stúfana og skömmuðust fruntalegar en nokkurntíma áður. Forkólfarnir voru sundurþykkir og gátu ekki orðið sammála um, hvernig snúast skyldi við stofnun flokksins. — Í fátinu mikla, sem á þá kom, átu þeir ofan í sig margra ára fullyrðingar, staðhæfingar og blekkingar, sem þeir höfðu notað í herferð sinni á hendur heilbrigðri skynsemi.

Í orði og verki reyndu þeir að læða þeim ósannindum inn í hugi manna, að Frjálslyndi flokkurinn ætti engan rétt á sér. — Þeir reyndu að þegja hann í hel. Og af veikum mátti reyndu þeir að gera gys að þeim stórmálum, er hann barðist fyrir. Og þegar ekkert dugði, gripu þeir til þeirra óyndisúrreða, að halda því fram, að hann væri íhaldsflokkur.

En þegar frjálslyndir menn og íhaldsmenn stofnuðu Sjálfstæðisflokkinn, kom annað hljóð í skrokkin. Þá viðurkendu þeir, að Frjálslyndur flokkur ætti rétt á sér, að hann

hefði stór og fögur áhugamál að berjast fyrir og að hann væri ekki íhaldsflokkur.

Svona er samræmið hjá stjórnarsinum! Slikt er sannleiksást þeirra í stjórn-málabar-áttunni!

Sjálfstæðismálið var þeim þyrnir í augum. Þeir þorðu ekki að snúast gegn málinu, vegna þess, að þeim var kunnugt um sjálfstæðisþrá kjósenda. Og þeir þorðu ekki að snúast með því, vegna þess að þeir vildu um fram alt koma sér vel við Danskinn. — Þarna voru þeir á milli tveggja elda.

Yfirlýsingar flokksforingjanna á Alþingi 1928 virtust benda til þess, að Íslendings-eðlið ætlaði að verða ríkara í hugum stjórnarsinna heldur en óttinn við dönsku mómmu. En það fór á annan veg en áhorfðist. Þeir þóttust hafa gert skyldu sína, þegar þeir höfðu gefið yfirlýsingarnar. Þeim datt ekki í hug að standa við þær hjer heima. Og þeir reyndu að draga úr þeim á allan hátt, þegar Danskurinn var í rálægð.

Þeir minntust aldrei á uppsögnina á þeim mörgu stjórn-mála fundum, sem haldnir voru sumarið 1928. Og „Timinn“